

127. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 3. maí 2010, kl. 17: 00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eyþórsdóttir, Helgi B. Haraldsson, Guðmundur Kristinsson og Björgvin Gíslason. Auk þess sat fundinn Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Sundabakki 10A, endurnýjun á svölum.
Ásgeir Gunnar Jónsson sækir um að endurbyggja og breyta svölum að Sundabakka 10, sbr. teikn. dags 25.04.'10.
Erindi samþykkt.
Ásgeir Gunnar sat hjá undir lið 1.
2. Sundabakki 15, sólskáli.
Ægir Þór Ólafsson sækir um að byggja sólskála á vesturhlið hússins.
Tekið er jákvætt í erindi. Grenndarkynna þarf umsókn fyrir íbúum við Sundabakka 14 og 16.
Eydís sat hjá undir lið 2.
3. Silfurgata 43, niðurrif á sólstofu og klæða hús.
Páll V. Þorbergsson og Steinunn I. Magnúsdóttir sækja um leyfi um niðurrif á sólstofu og byggja í hennar stað tréverönd. Einnig sækja þau um að klæða húsið með liggjandi bárujárnsklæðningu með viðarbútum í innfellingum sbr. bréf dags. apríl 2010.
Erindi samþykkt.
4. Uppsetning á skilti um verndun Breiðafjarðar.
Kolbrún Reynisdóttir sækir um f.h. Breiðafjarðanefndar að staðsetja skilti við ferjuhöfnina í Stykkishólmi sbr. bréf og útlitsteikningar dags 19.03.2010.
Erindi var vísað af bæjarstjórn til skipulags- og bygginganefndar til umsagnar.
Nefndin leggur til að skilti verði staðsett austan við tröppur og kannað verði möguleiki á að minnka það.
Ásgeir Gunnar sat hjá undir lið 4.
5. Umferðarhraði við Silfurgötu.
Lagt fram bréf frá Jóni Einari Jónssyni dags. 8.04.'10 vegna umferðahraða við Silfurgötu.
Nefndin leggur til að aukið verði eftirlit með hraðakstri um Silfurgötu.
6. Smiðjustígur 3 Sæferðir, frágangur á lóð og skilti.

Pétur Ágústsson sækir um f.h. Sæferða ehf. a) að steypa bílastæðaplan og helluleggja gangstétt , b) að reka veitingasölu í byggingunni, c) staðsetja ný viðbótarskilti á viðbyggingu hússins sbr. bréf og tillöguteikning dags. 30.04.'10.

Afgreiðsla nefndarinnar er gerð með fyrirvara um samþykki meðeigenda hússins.

Nefndin leggur til a) að bílastæði verði 45°, eða samsíða götu til að ekki verði bakkað út í aðalbraut. Liður b) erindi samþykkt um veitingasölu að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar. C) Uppsetning á skiltum er vísað til afgreiðslu skipulags- og byggingarfulltrúa.

7. Nestún 7a, afnot af landi meðfram lóðarmörkum.
Pröstur Gunnlaugsson og Helga Guðmundsdóttir Nestúni 7A óska eftir afnot af 50 cm bæjarlandi við göngustíg í eigu bæjarins til að gróðursetja runna, sbr. afstöðumynd og bréf dags. 03.05.'10.
Nefndin samþykkir að heimila að land sé tekið í fóstur án réttinda.
8. Aðalgata 29, golfklúbburinn Mostri. Vegaframkvæmdir á lóð.
Skipulags- og byggingarnefnd áréttar að sótt sé um tilskilin leyfi áður en framkvæmdir hefjast.

Afgreiðslumál skipulags- og byggingarfulltrúa:

9. Aðalgata 24a, uppsetning á skilti.
Samtök félagshyggjufólks L-listinn hefur fengið tímabundið leyfi til að staðsetja skilti á kvenfélagshúsið við Aðalgötu 24a .
10. Önnur mál.
10.a Boðað er hér með til skipulags- og byggingarnefndarfundar mánudaginn 10. maí kl. 17:15.

B.V.